

## Efnisyfirlit

1,0 Inngangur .....	1
2,0 Skýrsla stjórnar .....	1
2,1 Metanverkefni .....	1
2,2 Förgun .....	1
2,3 Svæðisáætlun .....	2
2,4 Móttaka á riðusmituðum úrgangi .....	3
2,5 LCA .....	3
2,6 IFAT ferð .....	4
2,7 Erindi til Sorpu um móttöku á úrgangi og endurvinnanlegum efnum .....	4
2,8 Flokkunar og umhleðslustöð .....	4
2,9 Erindi frá Kólku. ....	5
2,10 Blá tunna, söfnun á pappír og pappambúðum .....	5
2,11 Meðhöndlun seyru. ....	6
2,12 Lokaorð. ....	6
3,0 Skýrsla framkvæmdastjóra, fyrirtækið og starfsemi þess. ....	7
3,1 Starfsmenn .....	7
3,2 Eignaraðilar .....	7
3,3 Afkoma .....	7
3,4 Gjaldskrá .....	8
Kristinn og Arnar .....	8
3,5 Starfsemi á urðunarsvæðinu .....	8
3,6 Sorpmagn .....	9
4,0 Ýmis verkefni .....	10
4,1 Grænt bókhald. ....	10
4,2 Úrskurðarnefnd skipulags og byggingarmála .....	10
4,3 Landvernd – Vistvernd í verki. ....	10
4,4 Són .....	10
4,5 Flokkunarverkefni með Bláskógabyggð .....	11
4,6 Hagsmunagæsla Sambands íslenskra sveitarfélaga á sviði úrgangsmála. ....	11
4,7 Heimasíðan <a href="http://www.sorpstodsudurlands.is">www.sorpstodsudurlands.is</a> .....	11
4,8 Húsnæðismál .....	12
4,9 Færanleg brennsla .....	12
4,10 Eftirlit UST .....	12
4,11 Mælingar á sigvatni .....	12
5,0 Viðaukar .....	12



Gámaöllum, endurvinnslustöð, gámasvæði, eða flokkunarstöð ?

## 1,0 Inngangur

Í þessari ársskýrslu Sorpstöðvar Suðurlands (SOS) sem samanstendur af skýrslu stjórnar og skýrslu framkvæmdastjóra fyrir starfsárið 2007 - 2008 er fjallað um störf stjórnarinnar á milli aðalfunda 1. nóvember 2007 og 21. nóvember 2008, grein gerð fyrir starfsemi fyrirtækisins á síðasta ári og einnig fjallað um ýmis þau verkefni sem fyrirtækið hefur látið til sín taka eða verið þátttakandi í með öðrum aðilum. Allar tölfræði og fjárhagsupplýsingar miðast við almanaksárið 2007.

## 2,0 Skýrsla stjórnar

Í stjórn á tímabilinu voru:

Aðalmenn: Ragnheiður Hergeirsdóttir, formaður, Ólafur Áki Ragnarsson og Örn Þórðarson.

Varamenn: Jón Björnsson, Aldís Hafsteinsdóttir og Unnur Brá Konráðsdóttir.

Skoðunarmenn: Elín Einarsdóttir og Margrét Sigurðardóttir

Frá aðalfundi hefur stjórnin haldið 15 formlega fundi auk aukaaðalfundar og annarra funda sem haldnir hafa verið um þau mál sem hafa verið á döfinni. Hér verður gerð grein fyrir þeim málum sem hafa verið á döfinni hjá stjórninni.

### 2,1 Metanverkefni.

Verkfræðistofan Mannvit var ráðin til að gera frumáætlun á nýtingu metans á urðunarstaðnum í Kirkjuferjuháleigu. Niðurstöður könnunarinnar voru að líkur eru á að hægt sé að ná nýtanlegu hauggasi fram til ársins 2020. Áætlunin inniheldur einnig tillögur að gassöfnunarkerfi og kostnað við það ásamt útlistun á þremur notkunarmöguleikum á metangasi. Áður en lengra er haldið ráðleggja skýrsluhöfundar að boraðar verði tilraunaholur sem hægt verði að nota til frekari mælinga. Ræktunarsamband Flóa og Skeiða boraði tilraunaholurnar síðastliðið haust og er fyrstu mælinga að vænta í byrjun nóvember.

### 2,2 Förgun

Sorpstöð Suðurlands á 40% hlut í kjötmjölsverksmiðju Förgunar á móti sláturleyfishöfum á Suðurlandi. Rekstur verksmiðjunar hefur verið í uppbyggingu og lagðir hafa verið töluverðir fjármunir í uppfærslu og endurnýjun á búnaði í verksmiðjunni. Hefur sá kostnaður verið umfram þær áætlanir sem lagt var af stað með. Þar af leiðandi reyndist nauðsynlegt að eigendur verksmiðjunar leggðu inn viðbótarhlutafé. Haldin var aukaaðalfundur SOS þann 16. september og þar afgreidd tillaga um að SOS legði til 6 milljónir sem viðbótarhlutafé en áður höfðu aðrir eigendur verksmiðjunar gert slíkt hið sama og móttökugjöld verið hækkuð. Helsta forsenda SOS fyrir því að bæta við hlutafé er að SOS telur verksmiðjuna gegna veigamiklu hlutverki í réttri meðhöndlun á þeim vandmeðfarna úrgangi sem frá kjötframleiðslu kemur. Nú

Þegar fyrir séð er að urðun sláturúrgangs á Suðurlandi er að ljúka er mikilvægt að tryggur farvegur sé fyrir sláturúrgang til framtíðar litið.

Markaðs möguleikar afurða verksmiðjunar hafa tekið breytingum en um tíma var bönnuð sala á fitu til svínabænda en nú er sú sala aftur heimil. Mjölið hefur að mestu verið selt í landgræðslu og ræktunarverkefni.

## 2,3 Svæðisáætlun

Verkefnisstjórn um svæðisáætlun hefur starfað í samræmi við samkomulag sem samlögin fjögur hafa gert með sér.

Í verkefnisstjórninni áttu sæti:

Fyrir Sorpstöð Suðurlands bs.: Guðmundur Tryggvi Ólafsson framkvæmdastjóri

Fyrir Sorpu: Ögmundur Einarsson, fv. framkvæmdastjóri og Herdís

Sigurjónsdóttir.

Fyrir Sorpeyðingarstöð Suðurnesja sf.: Guðjón Guðmundsson, framkvæmdastjóri

Frá Sorpurðun Vesturlands hf.: Hrefna Bryndís Jónsdóttir, framkvæmdastjóri.

Björn H. Halldórsson framkvæmdastjóri Sorpu bs. vann með verkefnisstjórninni við endurskoðun áætlunarinnar.

Megin verkefni verkefnisstjórnar hefur verið endurskoðun á áætlun um meðhöndlun úrgangs fram til ársins 2020. Um er að ræða áætlun fyrir 34 sveitarfélög með alls um 251 þúsund íbúa og samtals falla til um 400 þúsund tonn af sorpi árlega á svæðinu.

Áætlunin sýnir núverandi stöðu úrgangsmála á svæðinu, spá um mögulega þróun til ársins 2020 og áætlun um þær aðgerðir sem ráðist verður í til að búa sveitarfélögin undir að mæta þeim kröfum sem settar eru um meðhöndlun úrgangs.

Sú staðreynd, að ofangreind fyrirtæki og þau sveitarfélög, sem að þeim standa, hafa tekið ákvörðun um að vinna eina sameiginlega svæðisáætlun, er staðfesting á hraðfara þróun alls svæðisins í átt til eins sameignlegs atvinnu- og búsetusvæðis þar sem skil og mörk á milli aðila sem áður áttu sér eðlilegar forsendur, geta í dag hindrað eðlilega þróun og val á þeim leiðum sem tryggja íbúum og fyrirtækjum bestu og hagkvæmstu þjónustu.

Auknar kröfur um meðhöndlun úrgangs, einkarnlega krafan um umtalsverða minnkun á urðun lífræns úrgangs á komandi árum, kalla enn frekar á að menn snúi bökum saman og leiti bestu lausna, þ.m.t. þeirra sem falist geta í öflugum samstarfi og hagkvæmni stærðarinnar. Sú niðurstaða, sem hér er sett fram, er fyrsta endurskoðaða útgáfa svæðisáætlunarinnar. Hún skiptist í fjóra meginþætti:

Lýsing á núverandi stöðu og þróun síðustu ára.

Spá um þróun til ársins 2020.

Lýsing á þeim leiðum sem fyrirhugað er að ráðist verði í til meðhöndlunar úrgangs.

Umhverfismat áætlunarinnar.

Gert er ráð fyrir að áætlunin verði tilbúinn til auglýsingar um áramót og endurskoðuð svæðisáætlun á að berast sveitarfélögunum til staðfestingar í lok febrúar 2009.

## 2,4 Móttaka á riðusmituðum úrgangi

Óskir um urðun á riðusmituðum úrgangi á Kirkjuferjuháleigu hafa borist Sorpstöð Suðurlands í þeim tilfellum þegar riða greinist í sauðfé á Suðurlandi.

Urðun á slíkum úrgangi á Kirkjuferjuháleigu er háð undanþágu Umhverfisstofnunnar og álit Landbúnaðarstofnunnar m.a. vegna þess að starfsleyfi Sorpstöðvar Suðurlands innifelur ekki móttöku á smituðum úrgangi. Reglugerðir sem ná til smitaðs úrgangs krefjast brennslu á smitefnum fram yfir urðun sé þess kostur.

Tvö tilfelli vegna eyðingar á riðusmituðum úrgangi komu inn á borð SOS í s.l. ár Fyrst voru það 300 kindur sem skornar voru niður vegna riðu á bænum Skollagróf í Hrunamannahreppi í hinu tilfallinu var um að ræða 300 heyrúllur frá Hrafnkelshólum 1. Í báðum tilfellum leitaði SOS eftir samstarfi við Sorpeyðingarstöð Suðurnesja sem rekur brennslustöðina Kólku. Sorpeyðingarstöð Suðurnesja var tilbúin til þess að taka við bæði kindunum og heyinu og brenna í brennslustöðinni, en stöðin getur og hefur leyfi til þess. Að kröfu MAST var ekki farin sú leið.

SOS telur að úræðaleysi í förgunarmálum vegna mögulegra smitsjúkdómatilfella sé töluvert áhyggjuefni, en ekki er komin lausn á þeim vanda. Aðstöðu til endanlegrar eyðingar smitefna og smitaðs úrgangs vantar ef kæmi upp minni eða stærri tilfelli smitsjúkdóms í landbúnaði. Undirbúningur að kaupum að færanlegum brennslugámi fer fram undir stjórn UST sjá nánar í lið 4,9 hér í skýrslunni.

## 2,5 LCA

Hluti af undirbúningi við blátunnuverkefnið var að kanna umhverfisáhrif af væntanlegri framkvæmd. Sorpstöð Suðurlands fékk verkfræðistofuna Línuhönnun til að framkvæma vistferilsgreiningu á fyrirhuguðu verkefni og samanburð við núverandi fyrrikomulag. Um er að ræða mat á gróðurhúsaáhrifum við urðun og endurvinnslu dagblaða og tímarita á starfssvæði Sorpstöðvar Suðurlands. Niðurstaða verkefnisins er að út frá gefnum forsendum getur flokkun dagblaða og tímarita til endurvinnslu ótvírætt dregið úr gróðurhúsaáhrifum sorpmeðhöndlunar á svæðinu. Þegar ferlin eru borin saman í persónueiningum sést að endurvinnsla úrgangs á starfssvæðis SOS kemur í veg fyrir losun gróðurhúsalofttegunda sem samsvarar um 40 PE meðan urðun úrgangsins losar gróðurhúsalofttegundir sem samsvara rúmlega 90 PE. Munurinn á gróðurhúsaáhrifum þessara tveggja ferla er því um 130 PE. Í verkefninu voru einnig framkvæmdar næmniprófanir á áhrifum forsendna vistferilsgreiningarinnar á niðurstöður verkefnisins. Í tonnum talið þá kemur söfnun á pappír til endurvinnslu á svæðinu til með að draga úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda sem nemur 1.131 tonni af koltvísýringi (CO<sub>2</sub>).

## 2,6 IFAT ferð

Fyrstu vikuna í maí fór stjórn ásamt fjölmennum hópi verkfræðinga og sveitarstjórnarfólks á IFAT sýninguna í München. Um er að ræða gríðarmikla sýningu þar sem stillt er fram og kynnt ýmis konar vöru og þjónustu sem sveitarfélög kaupa að jafnaði. Má þar helst nefna sorpmeðhöndlun frá minnstu tunnu uppí stærstu brennslustöðvar. Einnig var þarna mikil kynning á vatns- og skólphreinsibúnaði, gatnaþjónustu og umhírðu grænna svæða. Sýningin nýttist vel til kynningar á þeim valkostum sem sveitarfélögunum stendur til boða á sviði sorpmeðhöndlunar og fráveituhreinsunar.



## 2,7 Erindi til Sorpu um móttöku á úrgangi og endurvinnanlegum efnum

Sorpstöð Suðurlands skrifaði stjórn Sorpu bs. bréf í febrúar þar sem óskað var eftir að skoða mögulegt samstaf vegna móttöku á flokkuðum efnum til endurvinnslu og móttöku á úrgangi til urðunar frá sveitarfélögunum á Suðurlandi. Í framhaldi voru gerð drög að samkomulagi þar sem markmið og tilgangur samningsins er að tryggja örugga meðhöndlun, meðferð og förgun þess úrgangs sem fellur til á starfssvæði SOS eftir lokun Kirkjuferjuhjáleigu þann 1. desember 2009.

## 2,8 Flokkunar og umhleðslustöð

Forhönnun hefur farið fram á flokkunar og umhleðslustöð. Kröfur um aukna flokkun ásamt fyrirsjáanlegri aukningu á akstri með úrgang og flokkuð efni eru helstu ástæður þess að verið er að útbúa fyrstu tillögur að flokkun og umhleðslustöð. Mikilvægt er að auka hagkvæmni flutninga og lágmarka lengri akstur söfnunarbíla sem bera lítið magn og missa tíma frá sínu grunnhlutverki.



## 2,9 Erindi frá Kölku.

Sorpeyðing Suðurnesja sendi SOS erindi þann 19. ágúst en þar er tilkynnt um að brennslustöðin Kalka verði hlutafélag um næstu áramót. Með þeirri breytingu er auðveldara að fella brennslustöðina inn í samstarf sveitarfélaganna á SV horninu komi til þess. Sveitarfélögin á Suðurnesjum leggja áherslu á vinnu með sorpsamlögum á suðvesturhorni landsins að hagkvæmri lausn í málaflokknum fyrri svæðið í heild. Sorpeyðingarstöð Suðurnesja óskar formlega eftir viðræðum um frekara samstarf við þau sorpsamlög sem unnið hafa að svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs. Stjórn SOS samþykkir að hefja viðræður við Sorpeyðingarstöð Suðurnesja um frekara samstarf.

## 2,10 Blá tunna, söfnun á pappír og pappaumbúðum

Undirbúningur að sameignlegu útboði á söfnunarkerfi fyrir endurvinnanlegan úrgang hefur staðið um nokkurt skeið. Markmið þess verkefnis var að auka flokkun, einfalda kynningu, aukin hagkvæmni, bættu þjónustu og að uppfylla skilyrði yfirvalda um flokkun. Nokkrar tafir urðu á undirbúningi meðal annars var undirbúningur stoppaður meðan beðið var eftir úrskurði í máli Gámaþjónustunnar hf. og Reykjavíkurborgar.

Útboðið var svo auglýst síðast liðið sumar. Tilboðin sem bárust frá Gámaþjónustunni og Íslenska Gámafélaginu voru yfir þeim viðmiðunum sem lágu fyrir um samskonar þjónustu. Niðurstaða stjórnar SOS var sú að hafa öllum tilboðum.

Íslenska gámafélagi og AK flutningar kærðu útboðið til kæruneftdar útboðsmála. Kæruneftndin hafnar að öllu leiti kröfum kæranda en gerir SOS að greiða Íslenska Gámafélaginu 400 þ. kr vegna kostnaðar við að hafa kærana uppi.

Eftir stendur vilji sveitarfélaganna og krafan um aukna flokkun. Stjórn SOS hefur því lagt til að sveitarfélögin hvert fyrir sig semji um þessa þjónustu við þjónustuaðila en útlit, kynning og innihald verkefnisins verði staðlað. Mikilvægt er að taka það fram að efnin sem flokkast verði skilað inn í farvegi Sorpu þar sem það er ein af grunnforsendum samkomulags SOS og Sorpu á sorpi af Suðurlandi eftir að Kirkjuferjuhjáleigu lokar.



Seyra

## 2,11 Meðhöndlun seyru.

Magn seyru frá fráveituhreinsun sveitarfélaga og fyrirtækja hefur verið að aukast nokkuð og fyrirsjáanleg er frekari aukning á slíkum úrgangi. Takmörk eru fyrir því hversu mikið af slíkum úrgangi er hægt að meðhöndla á hverjum tíma með núverandi verklagi. Undirbúningur við að finna aðra leið fyrir fráveituúrgang sveitarfélaganna er stutt á veg kominn. Nauðsynlegt er að hefja þá vinnu þar sem styttist í lokun Kirkjuferjuhjáleigu og kostnaðarsamt væri að aka með seyruna langar leiðir til förgunar. Um er að ræða vinnu við að finna svæði þar sem meðhöndlun á seyrunni færi fram áður en henni yrði dreift til dæmis í landgræðsluskini. Tækjabúnaður og vinnsluaðferðir eru þekktar svo hægt að kalla eftir þeim með stuttum fyrirvara þegar staðsetningar á athafnasvæðum fyrir seyruvinnsluna verða ákveðin.

## 2,12 Lokaorð.

Tímamót eru framundan í úrgangsmeðhöndlun á Suðurlandi, rúmlega ár er þangað til urðunarstaðnum á Kirkjuferjuhjáleigu verður lokað. Í undirbúningi er samkomulag við Sorpu um að taka við flokkuðum og óflokkuðum úrgangi í framhaldi af lokun Kirkjuferjuhjáleigu. Ljóst er að kostnaður vegna sorpmeðhöndlunar mun aukast við þessa breytingu. Það má samt ekki gleyma því að fyrirliggjandi eru kröfur um aukna flokkun og takmörkun á urðun þannig að núverandi aðstæðum þarf að breyta. Fyrirsjáanlegur kostnaðarauki og gjaldskrá Sorpu, mun leiða til þess að flokkun mun aukast þar sem flokkaður úrgangur er töluvert ódýrari en óflokkaður í gjaldskrá Sorpu. Annað sem væntanlega kemur til með að breytast er að söfnun og flutningur á ópressuðu sorpi mun minnka og hagkvæmni flutninga þar með aukast.

Urðunarstarfsemi Sorpstöðvar Suðurlands líkur á næsta ári í þeirri mynd sem hún hefur verið síðast liðin 27 ár. Ákveða þarf hvernig skuli staðið að öðrum hlutverkum Sorpstöðvar Suðurlands. Önnur hlutverk eru helst fræðsla, kynningarmál, þróunarverkefni, Förgun ehf, tölfraeðisamantekt, hagsmunagæsla sveitafélaganna, vinna við svæðisáætlun og aðkoma að ýmsum nefndum. Undirbúningur að flokkunar- og umhledslustöð er hafinn. Tilgangur þess verkefnis er að leita hagkvæmustu leiðar til meðhöndlunar á flokkuðum og óflokkuðum úrgangi fyrir flutning.

Mikilvægt er að sveitarfélögin gefi þessu málaflokki tíma núna á breytingartímum og hafi að leiðarljósi lög, reglur, hagkvæmni og umhverfisvernd við val á nýjum lausnum.

### 3,0 Skýrsla framkvæmdastjóra, fyrirtækið og starfsemi þess.

#### 3,1 Starfsmenn

Fastir starfsmenn fyrirtækisins í fullu starfi eru þrír. Guðmundur Tryggvi Ólafsson er framkvæmdastjóri. Arnar Árnason stjórnar rekstri urðunarsvæðisins eins og hann hefur ger síðastliðin 26 ár. Með honum starfar Kristinn Sigtryggsson vélamaður. Afleysingamaður starfaði á urðunarsvæðinu í sumar.

#### 3,2 Eignaraðilar

Eignaraðilar Sorpstöðvar Suðurlands eru nú samtals 9. Sorpstöð Rangárvallasýslu hefur á bak við sig 3 sveitarfélög þannig að í raun eru 11 sveitarfélög á Suðurlandi sem standa að Sorpstöðinni. Eignarhlutföll, sem miðast við eigið fé Sorpstöðvarinnar um síðustu áramót, eru sýnd í eftirfarandi töflu sem og hlutdeild eignaraðilanna í eigin fé fyrirtækisins:

<b>Eignarhlutföll og skipting eigin fjár í Sorpstöð Suðurlands 2007</b>			
<b>Eignaraðilar</b>	<b>Íbúafjöldi 2007</b>	<b>Eignarhlutfall</b>	<b>Eignarhlutur</b>
Árborg	7.565	41	76.187.911
Bláskógabyggð	972	5	9.789.114
Flóahreppur	576	3	5.800.957
Grímsnes- Grafningshreppur	379	2	3.816.949
Hrunamannahreppur	794	4	7.996.458
Hveragerði	2.274	12	22.901.693
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	535	3	5.388.041
Sorpstöð Rangárvallasýslu	3.459	19	34.835.953
Ölfus	1.930	10	19.437.233
Alls	18.484	100	186.154.310
<b>Eigið fé samtals</b>			<b>186.154.310</b>

Heimild: Hagstofa Íslands 1. des. 2007

#### 3,3 Afkoma

Afkoma fyrirtækisins af reglulegri starfsemi var góð á síðasta ári. Rekstrarafgangur eftir afskriftir og fjármagnsgjöld og fyrir óregluleg gjöld varð 35,7 milljónir króna. Eiginfjárstaða fyrirtækisins er sterk og er eigið fé fyrirtækisins nú 186 milljónir króna. Handbært fé í árslok er um 110 milljónir króna og hækkar um 54 milljónir króna á milli ára, en öll lán eru nú upp greidd. Staða fyrirtækisins er því traust sem er mikilvægt því fyrirsjáanlegt er að nýjar framtíðarlausnir hafa mikinn kostnað í för með sér. Mjög mikilvægt er að tryggja áframhaldandi trausta fjárhagsstöðu fyrirtækisins. Bæði til að standa með hagkvæmum hætti að kostnaðarsömum framkvæmdum og einnig til að geta



brugðist við sívaxandi kröfum sem m.a. birtast í tilskipunum Evrópusambandsins sem nú hafa verið lögteknað m.a. um rekstur urðunarsvæða. Helstu ástæður meiri hagnaðar en gert var ráð fyrir er að magn úrgangs varð meira en gert hafði verið ráð fyrir og að lokafrágangi eldri reina er ekki að fullu lokið.

### 3,4 Gjaldskrá

Gjaldskrá hækkaði 1. janúar 2008 um 3% í samræmi við verðlagsþróun samkvæmt ákvörðun stjórnar og heimild síðasta aðalfundar.

Samkvæmt samþykktum Sorpstöðvarinnar skal aðalfundur ákvarða endanlega um gjaldskrá og leggur stjórn til að aðalfundur staðfesti 5% hækkun á gjaldskrá frá 1. janúar 2009, með heimild til stjórnarinnar að hún geti endurskoðað hana og breytt ef rík ástæða þykir til.

#### Gjaldskráin er eftirfarandi:

#### Gildir frá 1. janúar 2008

Gjald fyrir sorp frá aðildarsveitarfélögum	kr. 3.66 pr/kg.
Gjald fyrir ómeðhöndlaðan sláturúrgang	kr. 7.15 pr/kg.
Gjald fyrir meðhöndlaðan sláturúrgang	kr. 4.36 pr/kg.
Gjald fyrir annað aðflutt sorp	kr. 6.92 pr/kg.
Gjald fyrir seyru	kr. 1.46 pr/kg.
Afgreiðslugjald pr. losun	kr. 1.143

Heimild er til að leggja á álag vegna óhefðbundins úrgangs

Allar tölur eru án 24,5 % virðisaukaskatts.



Kristinn og Arnar

### 3,5 Starfsemi á urðunarsvæðinu

Starfsemin á Kirkjuferjuháleigu hefur á síðasta starfsári verið samkvæmt venju. Urðað hefur verið í rein 9 og lítur út fyrir að hún muni duga út árið 2009. Lögð hefur verið áhersla á að hafa vinnusvæðið sem minnst á hverjum tíma og leitast verið við að ganga endanlega frá þeim svæðum sem komin eru í endanlega hæð. Óvæntar bilanir í

Kjöt mjólsverksmiðjunni hafa orðið til þess að urðað hefur verið töluvert af sláturúrgangi.

Í kjölfar jarðskjálfta síðast liðið sumar hefur komið nokkuð af byggingarúrgangi sem hefur orðið til við rif á íbúðarhúsum og ördum byggingum. Um er að ræða nokkuð grófan plássfrekan úrgang, en að mestu hefur tekist að ná járn og steypu frá og í aðra farvegi. Aðstaða til losunar seyru er aðskilinn annarri sorplosun.

Settir voru upp tveir ljósastaurar, annar við þvottaplan og hinn við snúningsplan, lýsingin auðveldar bílstjórunum lífið í skammdeginu og eykur öryggi ásvæðinu. Tveir gasholur voru boraðar í haust og eru þær nauðsynlegar til að meta og mæla gasmyndun, en niðurstöður þeirra mælinga verða notaðar til að ákveða hvort hagkvæmt sé að fara út í gassöfnun og nýtingu. Endurnýjaður var hluti af sigvatnshreinsikerfinu en skipt var um sand og lagnir í sandsíu. Eins og undanfarið hafa verið vikulegar magnmælingar á sigvatni og svo efnamælingar teknar að vori og hausti. Trjávöxtur er orðinn nokkuð góður á svæðinu og svo virðist sem gróðursetningin frá 2007 sé að heppnast ágætlega. Svæðið allt var hreinsað mjög rækilega í sumar af því rusli sem hafði fokið síðasta vetur. Gámafyrirtækin hafa verið að nýta sér þá aðstöðu að geyma tóma gáma á svæðinu sem svo eru notaðir í skiptum fyrir fulla gáma sem fluttir eru frá gámasvæðunum um helgar.



Garðaúrgangur á villigötum

### 3,6 Sorpmagn.

Á árinu 2007 nam innvegið magn sorps samtals 23.042 tonnum sem er 10,6% aukning frá árinu 2006. Í viðauka 1 er að finna sundurliðun á þeim úrgangsstraumum sem berast til urðunar í Kirkjuferjuhjáleigu.

Sveitarfélögin á Suðurlandi skila samtals 13.647 tonnum til urðunar sem er 6% minnkun frá fyrra ári, en það er þó ekki heildartala úrgangs frá sveitarfélögum í Árnes- og Rangárvallasýslum þar sem einnig fer fram urðun hjá Sorpstöð Rangárvallasýslu.

Tekið var við 72% meira af sláturúrgangi en árið á undan eða samtals 3.329 tonnum. Gámafyrirtækin skiluðu 4.656 tonni sem er 49% aukning milli ára.

Aðrir, sem eru einstök fyrirtæki á svæðinu, komu með 1.409 tonn sem er 12% aukning. Tróð er notað sem þekjuefni á urðunarsvæðinu. Flutt voru 5.798 tonn af tróði frá Furu hf. á árinu í þessu skyni.

Fjöldi farma sem tekið var við voru 7.259, tróð meðtalið. Sjá nánar í viðauka 5.

### 3,7 Stærð svæðisins

Fjöldi íbúa á svæðinu var 18.484, 1. desember 2007. Á postur.is kemur fram að heimilin á svæðinu séu 6.285 og fyrirtækin 946 (heimili og fyrirtæki sem móttaka fjölpóst). Sumarbústaðir eru svo 5.554 samkvæmt upplýsingum frá FMR í júlí 2008.

## 4,0 Ýmis verkefni

### 4,1 Grænt bókhald.

Sorpstöð Suðurlands hefur frá síðasta aðalfundi skilað Grænu bókhaldi til Umhverfisstofnunar fyrir árið 2006, er það gert í samræmi við ákvæði laga nr. 851/2002. Grænt bókhald er í stuttu máli samantekt á starfsemi fyrirtækisins þar sem fram kemur hversu mikið er tekið við af úrgangi og hver hráefnanotkunin er á sama tíma. Nánar um grænt bókhald í viðauka 2.

### 4,2 Úrskurðarnefnd skipulags og byggingarmála.

Úrskurðarnefnd skipulags og byggingarmála barst á árinu 2007 kæra vegna ákvörðunar Sveitarfélagsins Ölfuss um breytt deiliskipulag sorpurðunarsvæðis í landi Kirkjuferjuhjáleigu. Kærendur eru sjö og tengjast jörðunum Grænhól og Auðsholtshjáleigu nágrannajörðum Kirkjuferjuhjáleigu. Kröfur kæranda eru stöðvun framkvæmda á Kirkjuferjuhjáleigu og í öðru lagi að fella úr gildi samþykkt skipulagsbyggingar- og umhverfisnefndar á nýju (endurskoðuðu) deiliskipulagi fyrir sorpurðunarsvæði í landi Kirkjuferjuhjáleigu í Ölfusi. Málið er enn til meðferðar hjá úrskurðarnefndinni.

### 4,3 Landvernd - Vistvernd í verki.

Verkefni á vegum Landverdar, Vistvernd í verki, hefur verið starfrækt í fimm ár. Verkefnið er miðað að heimilum og er ætlað að uppfærða heimilin um leiðir og lausnir til að draga úr álagi á umhverfið. Ekki er um átaksverkefni að ræða heldur sífelldan aflvaka góðra verka í umhverfismálum íslenskra heimila. Sorpstöðin ákvað að styrkja verkefnið með 250 þúsund króna framlagi sem væntanlega skilar sér í fjölgun þátttakenda í visthópum á Suðurlandi.

### 4,4 Sóun

Neysluvenjur íslenskra heimila og sá úrgangur sem þar verður til hefur ekki verið mikið rannsakaður, réttara er í þessu samhengi að tala um umframneyslu eða sóun á vörum sem verða að úrgangi. Ástæður og umfang sóunarinnar eru aðalatriði samstarsverkefnis Sorpstöðvar Suðurlands, Sorpu, Sorpeyðingarstöðvar Suðurnesja, Neytandasamtakanna, Landverndar og Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands.

Um er að ræða könnun á neysluvenjum og afstöðu til endurvinnslu sem send var 3000 manna slembiúrtaki. Niðurstöður könnunarinnar gefa mikilvægar upplýsingar um umfang sóunar og hvernig þá mögulega megi draga úr sóun og þar með úrgangi.

Niðurstöður könnunarinnar má nálgast á slóðinni <http://sorpstodsudurlands.is/Frettir/870/>

#### 4,5 Flokkunarverkefni með Bláskógabyggð.

Að frumkvæði Bláskógabyggðar var framkvæmd greining á förmum frá völdum stöðum í Bláskógabyggð. Greiningin fór fram í nóvember 2007 og annaðist Sumarhúsaþjónustan greiningu á innihaldi opinna gáma með grófum úrgangi en Sorpa annaðist greiningu á heimilissorpi. Niðurstöður voru meðal annars að hver sumarbúastaður framleiðir um 220 – 260 kg að meðaltali hvert ár. Samsetning sorps frá heimilum í dreifbýli og sumarhúsum er að finna í viðauka 4.

#### 4,6 Hagsmunagæsla Sambands íslenskra sveitarfélaga á sviði úrgangsmála.

Samband íslenskra sveitarfélaga hefur leitað til sveitarfélaganna og fyrirtækja sveitarfélaganna um að gera samkomulag um aukna hagsmunagæslu íslenskra sveitarfélaga og fyrirtækja sveitarfélaga á sviði úrgangsmála. Um er að ræða þriggja ára tilraunaverkefni sem felur í sér ráðningu á einum starfsmanni sem mun meðal annars fylgjast með stefnumótun í úrgangsmálum hjá ESB, sinna samskiptum við umhverfisráðuneyti, Úrvinnslusjóð og aðra hagsmunaaðila. Samstarfsaðilar skipa verkefnisstjórn og greiða kostnað vegna verkefnisins. Sorpstöð Suðurlands hefur samþykkt að gerast samstarfsaðili verkefnisins fyrir sveitarfélögin á Suðurlandi og greiða hlut aðildarsveitarfélaganna. Sveitarfélög komu sér á árinu 2007 saman um að stofna til sérstaks verkefnis um hagsmunagæslu í úrgangsmálum, til að styrka stöðu sína í þessu mikilvæga verkefni almannaþjónustu. Um er að ræða tilraunaverkefni sem áætlað er að standi í þrjú ár. Verkefnið hófst um sl. áramót og stendur til 31. desember 2010. Aðilar að verkefninu eru Samband íslenskra sveitarfélaga og sveitarfélög og fyrirtæki í eigu sveitarfélaga. Verkefninu er ætlað að sjá um eftirfarandi:

- Vera leiðandi í undirbúningi stefnumótunar sambandsins í úrgangsmálum
- Vera stjórn og starfsmönnum sambandsins til ráðgjafar um úrgangsmálefni
- Vekja athygli á þróun og breytingum í úrgangsmálum, innanlands og erlendis, sem verkefnisstjórn telur þörf á að sambandið vinni að eða miðli upplýsingum um
- Vekja athygli á málum í rekstri og starfsemi fyrirtækja sveitarfélaga á sviði úrgangsmála sem verkefnisstjórn telur að þarfnist úrlausnar á vettvangi sambandsins
- Vera til ráðgjafar við undirbúning viðburða sambandsins á sviði úrgangsmála, svo sem ráðstefna og námskeiða

Framkvæmdarstjóri SOS hefur verið skipaður í verkefnisstjórn vegna hagsmunagæslu í úrgangsmálum.

#### 4,7 Heimasíðan [www.sorpstodsudurlands.is](http://www.sorpstodsudurlands.is)

Ný heimasíða var tekin í notkun í sumar. Á heimasíðunni er sem fyrr að finna upplýsingar um starfsemina, fundargerðir og ýmsan fróðleik á sviði tölfræði og umhverfismála.



#### 4,8 Húsnæðismál

Húsnæði SASS er orðið of lítið fyrri þá starfsemi sem fer fram á vegum þeirra stofnana sem staðsettar eru á Austurvegi 56. Á árinu komu fram hugmyndir frá Auðhumlu um byggingu skrifstofuhúsnæðis við Austurveg 60 og tók SOS þátt í þarfagreiningu fyrir það verkefni ásamt öðrum stofnunum á Austurvegi 56. Auðhumla tilkynnti að hætt hafi verið við verkefnið síðast liðið haust. Þörf fyrir stærra húsnæði er en til staðar og hefur undirbúningur með öðrum byggingaraðilum farið af stað. Hvað SOS varðar er óljóst hver skrifstofuhúsnæðisþörfin verður á næstu árum, þar sem meginhlutverk SOS til margra ára er að ljúka á næsta ári og framtíðarhlutverk SOS ekki að fullu mótað.

#### 4,9 Færanleg brennsla

Framkvæmdastjóri SOS var í janúar tilnefndur sem fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga í samráðshóp um færanlega brennslu. Hlutverk samráðshópsins var að undirbúa kaup á færanlegri brennslustöð. Búnaðinum er ætlað að vera viðbragðstæki til að eyða aðallega sýktum dýraúrgangi og sýktum úrgangi. Samráðhópurinn samanstendur af fulltrúa frá UST, Sóttvarnarlækni og MAST. Fljótlega eftir að vinna hófst bættist fulltrúi frá slökkviliði höfuðborgarsvæðisins við en hugmyndin er að slökkviliðið annist umsjón og rekstur brennslugámsins. Fyrir liggja tillögur um val á brennslugám með fyrirvara um að fulltrúar samráðshópsins skoði búnaðinn og sjái hann í þeirri notkun sem honum er ætlað. Sóttvarnarlækni hefur verið tilkynnt um niðurstöðuna.

#### 4,10 Eftirlit UST

Reglubundið eftirlit Umhverfisstofnunar fór fram þann 6. júní. Farið var yfir hefðbundin atriði eins og magntölur, niðurstöður mengunarmælinga, tekin ný sigvatnssýni og farið yfir umgengni ásvæðinu. Svæðið var snyrtilegt kemur fram í eftirlitsskýrslunni.

#### 4,11 Mælingar á sigvatni

Vikulegar mælingar fara fram á magni sigvatns sem fer frá urðunarsvæðinu á Kirkjuferjuháleigu. Einnig er tvisvar á ári tekin sigvatnssýni til efnagreininga, hefur sú sýnataka yfirleitt farið fram á sama tíma og eftirlit UST.

### 5,0 Viðaukar

Viðauki 1; Sorpmagn til urðunar 2007.

Viðauki 2; Grænt bókhald 2007.

Viðauki 3; Söfnun á dagblöðum 2007.


Viðauki 4; Samsetning sorps frá dreifbýli og sumarhúsum.

Viðauki 5; Dreifing á mótteknum förmum yfir árið.




## Viðauki 1; Sorpmagn til urðunar.

Sorpstöð Suðurlands	Íbúar 1.12.2007	Kirkjuferj Tonn	Strönd Tonn	Samtals
Ásahreppur	171	52	18	70
Bláskógabyggð	972	1.103		1.103
Grímsnes og Grafningshreppur	379	2.093		2.093
Hrunamannahreppur	794	983		983
Hveragerði	2.274	2.026		2.026
Rangárþing eystra	1.741	590	791	1.381
Rangárþing ytra	1.547	691	1.287	1.978
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	535	630		630
Árborg	7.565	3.527		3.527
Ölfus	1.930	1.508		1.508
Flóahreppur	576	444		444
Sláturúrgangur, þar með talið kjötmjöl		3.329	768	4.097
Gámafyrirtæki		4.656		4.656
Aðrir		1.409		1.409
<b>Samtals</b>	<b>18.484</b>	<b>23.041</b>	<b>2.864</b>	<b>25.905</b>



### Sorpmagn á íbúa, 2007



Viðauki 2; Grænt bókhald.

# Grænt bókhald

1. janúar til 31. desember 2007



Skrifstofa	Magn 2003	Magn 2004	Magn 2005	Magn 2006	Magn 2007	Umhverfisáhrif / innvegið tonn af sorp
Rafmagn	4.000	3.875	5.070	6.770	<b>2.273</b>	kwh 7,1 % hluti af SASS
Vatn kalt *			-			Ekki mælt
Vatn heitt	200	149	394	314	<b>113</b>	m3 7,1 % hluti af SASS
Pappír	153	16	16	16	<b>16</b>	kg Sama og árið 2004
Ökutæki						
Dísel Skoda JZ 007			-		<b>1.170</b>	lítrar
<b>Urðunarsvæði Kirkjuferjuhjáleigu</b>						
Rafmagn	3.267	4.264	4.051	9.747	<b>11.202</b>	kwh
Rafmagn \	1.011	829	829	746	<b>802</b>	kwh
Vatn kalt *						
Vatn heitt	3.535	3.535	4.246	3.251	<b>2.690</b>	m3
<b>Ökutæki</b>						
Dísel Niss:	478	420	223	573	<b>411</b>	lítrar
Eknir km		4.118				km
Dísel Suzuki Swift TV 650			162	1.028	<b>1.091</b>	lítrar
Eknir km						km
Fjór hjól					<b>20</b>	
<b>Troðari</b>						
Dísel	28.034	27.063	29.844	32.120	<b>30.402</b>	lítrar
Smurólía	160	58	vantar	160	<b>542</b>	lítrar
<b>Samtals skrifstofa og urðunarsvæði</b>						
Rafmagn	8.278	8.968	9.950	17.263	<b>13.475</b>	kwh 0,58 kwh/tonn
Vatn kalt *						Ekki mælt
Vatn heitt	393	3.684	4.640	3.565	<b>2.803</b>	m3 0,12 m3/tonn
Bensín					<b>20</b>	lítrar 0,00 lítrar/tonn
Díselólía	28.512	27.483	30.067	32.693	<b>33.074</b>	lítrar 1,44 lítrar/tonn
Smurólía	160	58	vantar	160	<b>542</b>	lítrar 0,02 lítrar/tonn
Km						000 km/tonn
<b>Móttekið sorp til urðunar</b>						
Sveitarfélć	12.907.224	12.601.174	13.613.081	14.517.149	<b>13.647.189</b>	kg
Sláturhús	2.510.285	3.377.750	2.798.240	1.938.260	<b>3.329.415</b>	kg
Gámafyrirt	224.350	2.123.870	3.265.200	3.127.825	<b>4.656.335</b>	kg
Aðrir	1.046.060	644.250	903.560	1.257.700	<b>1.408.995</b>	kg
Samtals s	16.687.919	18.747.044	20.580.081	20.840.934	<b>23.041.934</b>	kg
<b>Þekjuefni</b>						
Tróð frá F	5.038.620	4.123.250	4.453.820	4.816.380	<b>5.798.290</b>	kg 0,25 tonn/tonn
Grús	8.345.000	6.399.000	5.695.000	6.080.000	<b>4.557.600</b>	kg 0,20 tonn/tonn
Samtals þ	13.383.620	10.522.250	10.148.820	10.896.380	<b>10.355.890</b>	kg 0,45 tonn/tonn


\* Ekki mælir




## Viðauki 3; Söfnun á pappír til endurvinnslu 2007

<b>Pappír 2007</b>			
	Íbúar	kg	kg/íbúa
Hveragerði	2.274	47.045	21
<b>Árborg</b>	<b>7.565</b>	<b>301.409</b>	<b>40</b>
Ölfus	1.930	30.408	16
Bláskógabyggð	972	23.813	24
Rangárþing ytra	1.547	25.560	17
Rangárþing eystra	1.741	19.451	11
Grímsnes og Grafningshr	379	13.094	35
Hrunamannahreppur	794	6.140	8
Skeiða og Gnúp	535	5.151	10
	<b>17.737</b>	<b>472.071</b>	<b>27</b>
Ath vantar Ásahr, Flóahr og Grænu tunnurnar			
Meðaltal á stafssvæði SOS		26,6	kg/íbúa

## Magn af söfnuðum pappír árið 2007, kíló.



## Magn af söfnuðum pappír, kíló / íbúa 2007.



#### Viðauki 4; Samsetning á sorpi í Bláskógabyggð 2007

Í húsasorpsgreiningunni var hvert úrtak á bilinu 100 til 150 kg. Teknar voru prufur á þremur stöðum sem hver um sig er í ólíku umhverfi. Fyrsti farmurinn er úr gám við lítinn þéttbýliskjarna í dreifbýli, númer tvö úr gám sem þjónar heimilum í dreifbýli og sá þriðji þjónar sumarbústöðum. Í töflunni er einnig til samanburðar samsetning heimilissorps framkvæmd af Sorpu árið 2007. Taflan sýnir 5 þyngstu flokkana. Eins og sjá má er mismunurinn töluverður. Í dreifbýlinu er plastið hlutfallslega meira en á höfuðborgarsvæðinu. Dagblöðin eru mikið stærri hluti á höfuðborgarsvæðinu. Samsetningin á sumarhúsaúrganginum sker sig þó úr, þar er mikið af plasti og drykkjarumbúðum með skilagjaldi bæði gler og plast.

	Gámur 1	%	Gámur 2	%	Gámur 3	%	Sorpa	%
1	Matarleifar	26,5	Plast	23,9	Plast	35,2	Matarleifar	25
2	Plast	24,2	Matarleifar	20,3	Matarleifar	19,9	Dagblöð	19,4
3	Dagblöð	19,4	Bleiur	8,2	Gler m/sk.gj	11	Plast	13
4	Pappi	9,4	Dagblöð	6,8	Pappi	10,9	Pappi	7,3
5	Bleiur	4,8	Fatnaður	6,5	Fatnaður	4	Bylgjupappi	4,2
	Samtals	84,3		65,7		81		68,9

Plast: Umbúðir án skilagjalds t.d utan af kjöti, fisk eða salati. Pappi : Sléttur pappi, fernur, morgunkornskassar.

Í opnu gámunum er timbrið ráðandi en 76 til 90 % af innihaldinu var timbur. Undantekningin var gámur úr Laugarási hann var að mestu garðaúrgangur 76 % og 21 % timbur.

Heimildir; Bláskógabyggð, Halldór K Hermansson, Sorpa Ársskýrsla 2007.



Viðauki 5; Dreifing á mótteknum förmum inn á Kirkjuferjuháleigu.

